

Hæfniviðmið í hönnun og smíði – þrep 2

Handverk

Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.
Gert grein fyrir uppruna og notagildi efniviðar í smíðastofunni.

Hönnun og tækni

Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.
Lesið og smíðað eftir einfaldri vinnuteikningu og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.
Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.
Hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og útskýrt virkni þess.
Lýst hvernig tækni birtist í nánasta umhverfi og í samfélaginu.
Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.

Umhverfi

Þekkt hættuleg efni, flokkað og endurnýtt efni sem fellur til í smíðastofunni.
Gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt lífdaga þeirra.
Útskýrt vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.

Sameiginleg hæfniviðmið í list- og verkgreinum – Þrep 2

Útskýrt og sýnt vinnuferli frá hugmynd til afurðar.
Hagnýtt leikni og þekkingu til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
Tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði.

Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.
Beitt helstu tækni (tæki og vinnulag) sem námsgreinin býr yfir.
Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki námsgreinarinnar.
Útskýrt helstu hugtök sem tengjast viðfangsefni hverju sinni.
Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu á vinnusvæði.
Sýnt sjálfstæði og ábyrgð við frágang á vinnusvæði.
Sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
Lagt raunsætt mat á eigin verk.